

borgar pósturinn

Afleiðing af „kultúrsjokki“ í Reykjavík:

Nýtt skipulag borgarinnar frá sjónarhorni listamanns

— Þegar ég kom til Reykjavíkur árið 1976 fékk ég „kultúrsjokk“. Eftir það fór ég að velta fyrir mér skipulagsmálum, hvernig er staðið að þeim í Reykjavík, og hvernig ég vildi leysa þau. Það má segja, að þessi sýning sé afleiðing þessa „kultúrsjokks“.

Þannig hljóðar í sem fæstum orðum skýring Þórðar Ben Sveinssonar myndlistarmanns á sýningu þeirri sem hann heldur að Kjarvalsstöðum um þessar mundir. Þórður hefur verið búsettur í Düsseldorf í Vestur-Þýskalandi undanfarin ellefu ár og stundað þar kennslu í myndlist. Á þessari sýningu kryfur hann skipulagsmál Reykjavíkur, frá sjónarhorni myndlistarmanns — og manneskju.

— Hér hef ég, á tveimur skipulagsuppdráttum, dregið upp mynd af Reykjavík eins og hún mun lita út, annars vegar eftir að 20 þúsund íbúar hafa bæst við og hinsvegar 60 þúsund íbúar, miðað við að þróunin verði eins og menn hugsa hana nú, segir Þórður Ben, þegar hann gengur með Helgarpóstinum um sýningarsalinn að Kjarvalsstöðum. Og á þessum uppdráttum teygir borgin sig að sjálfsögðu í austur, og það talsvert austur fyrir Rauðavatn.

— En hér geri ég ráð fyrir hundrað þúsund manna stækkun, annars vegar á flugvallarsvæðinu og hinsvegar á Alftanesi, og byggðirnar tengjast saman með mikilli breiðgötu, úr Nauthólsvík-

inni og beint yfir á Alftanes, segir Þórður.

Hugmyndin er sú, að uppbyggingin verði í hring, út frá miðborginni og þannig lögub, að hún tengist saman með akbrautum og því sem Þórður kallar ylstræti, hituð upp með jarðvarma og yfirbyggð með hvolfþökum úr gleri. Ylstrætin yrðu síðan tengd akbrautakerfinu með rafknúnum stólum.

Húsin hans Þórðar eru tveggja til fimm hæða og þannig byggð, að garður fylgir hverri íbúð, annað hvort með því móti, að byggingarnar eru tröppulaga, eða þá, að garðurinn er efst, undir hvolfþaki úr gleri.

— Mér finnst ekkert nema sjálf-sagt, að við notfærum okkur náttúruauðæfi okkar, heita vatnið, fallorkuna og birtuna, meira en gert hefur verið hingað til — ég vil raunar kalla það náttúruyndi. Það hlýtur að vera til bóta fyrir fólk að geta notið birtunnar nju mánuði á ári. Hvort sem er borðað morgunmat í morgunsólinni, notið miðdegissólarinnar eða borðað kvöldmat í kvöldsólinni, segir listamaðurinn.

Þórður gekk út frá hugmyndum manna um, að borgir eigi að vera manneskjulegar heildir, fólk lifi ekki bara á því að hafa, heldur líka á því að vera. Í stað þess að byggja borgina upp með svefnhverfum, og miðað við það, að fólk þurfi að eyða miklum tíma og fjármunum til að ferðast milli þeirra og vinnustaða vill hann

haga skipulaginu þannig, að leiðir fólks skerist sem oftast og það þurfi sem minnst að ferðast til að

komast úr og í vinnu. Skipulagið á sem sé að stubla að auknum manneskjulegum samskiptum fólks.

Þar gegna ylstrætin mikilvægu hlutverki. Mismunandi breiðar göngugötur undir glerþökum, þar sem ýmis gróður er ræktaður, alltaf hlýjar og þurrar. Og undir göngugötunum gerir hann ráð fyrir kjöllurum þar sem allar leiðslur liggja — rafmagn, simi, skólþ og hiti.

Hugmyndir Þórðar Ben um byggingarstil og byggingarmáta, auk þess sem fyrr er getið um hvolfþökina og garðana, eru ekki síður nýstárlegar. Hann gerir ráð fyrir því, að engir kjallarar verði á húsunum, en þau verði byggð á súlnasökklum. Hann gerir ráð fyrir því, að auk glers og stálgrinda verði notuð steinsteypa, en utan á henni íslensk náttúruleg efni í stað plastmálningar.

— Eg geri ráð fyrir því, að mörg húsanna verði alveg hvít. En það má líka nota rauðamöl, hraun, grágrýti eða íslenska tígulsteina úr Dölunum eða af Snæ-

fellnesi, segir Þórður.

Sjálfur byggingarstíllinn er líka nýstárlegur.

— Það er erfitt að útskýra þennan byggingarstil, þetta er eiginlega afturhvarf frá Bauhaus stílunum, fúnksjonalismanum, þar sem allt átti að vera einfalt og þjóna sínum tilgangi — „minna er meira“, eins og það er kallað. Þetta er heldur ekki samkvæmt íslenska hugsunarhættinum, „meira er betra“. Það er heldur ekki hægt að segja, að þetta sé afturhvarf til eldri tíma, þótt ég sé mjög hrifinn af ýmsum eldri byggingarstílum, t.d. enskri húsagerðarlist á síðustu öld.

Abal atriðið er það, að ég byggi ekki eingöngu á rétthyrningnum, heldur öllum þremur grunnformunum, rétthyrningi, þríhyrningi og hring. Og ég legg áherslu á, að birtan sé vel nýtt. Ekki með því að hafa gríðar stóra glugga, heldur fleiri og minni og glugga með mismunandi lögun. En þetta eru aðeins framhliðar og fyrstu at-huganir mínar og ber að skoðast sem slíkar, segir Þórður Ben.

Sýningin að Kjarvalsstöðum er þannig sett upp, að best er að skoða hana réttisælís. Þá fara gestir fyrst í gegnum texta þar sem

þróun skipulags Reykjavíkur er rakin og síðan færð fram gagnrýni á hana. Þá koma skipulagsuppdráttirnir, en síðan texti um íslenska húsagerðarlist gagnrýni á hana og þá tillögur Þórðar um úrbætur, með listilega vel útfærðum teikningum. Til viðbótar þessum „arkitekt-

ónlsku“ teikningum eru þrjú listaverk, þar sem annarsvegar er fjallað um íslenska birtu, en hinsvegar er „draumur í grískri rúst“.

—Eg hugsaði mér fyrst, eftir að ég fékk „kultúrsjokkið“, að skrifa um þetta mál í blöðin. En ég komst að þeirri niðurstöðu, að það vekti ekki eins mikla athygli og ég vona að þessi sýning geri. Þetta hefur vakið athygli meðal arkitekta í Þýskalandi og nokkrir íslenskir arkitekta hafa séð sýninguna. Eg hef ennþá ekki heyrt frá þeim, en ég reikna með að fá talsverða gagnrýni, segir Þórður Ben Sveinsson.

ÞG



Þórður Ben útskýrir nýstárlegar tillögur sínar að skipulagi Reykjavíkur.

